

Tillaga til ályktunar

– Endurgreiðslur skatta og gjalda til félagasamtaka –

Tillagan hljóðar svona:

74. ársþing KSÍ, haldið þann 22. febrúar í Ólafsvík, samþykkir að beina þeirri eindregnu áskorun til Alþingis og fjármálaráðherra að samþykkja sem fyrst tillögur sem lagðar hafa verið fram um endurgreiðslur skatta og gjalda til félagasamtaka sem starfa að almannaheillaverkefnum. Einnig er þar að finna tillögur um möguleg úrræði í skattakerfinu til þess að gera bæði fyrirtækjum og einstaklingum frekar kleift að styðja við íþróttahreyfinguna með framlögum.

Fyrir íþróttahreyfinguna er hvað mikilvægast í þessu efni að til komi endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna íþróttamannvirkja. Mál þetta hefur verið í vinnslu um allnokkra hríð án þess að fá afgreiðslu. Nefnd sem skipuð var á síðasta ári hefur skilað álit sínu og því ætti ekkert að vera að vanbúnaði að hrinda málinu í framkvæmd. Endurgreiðsla virðisaukaskatts til almannaheillafélaga mun án vafa hraða nauðsynlegri uppbyggingu mannvirkja, sem skila fljótt og örugglega ríkulegum arði til samfélagsins í því almannaheillastarfi sem sjálfboðaliðar þessara félaga bera uppi.

Stjórn KSÍ